

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra

Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar

Dagsetning: 13. júní, 2024

Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 12. apríl 2024

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Á mínum síðasta fundi sem formaður nefndarinnar var fjallað um **starf í brothættum ríkjum**. Tilfni þess var að nokkru leyti starfið sem er nýhafið í Síerra Leone en sömuleiðis var þetta hluti af því að þematengja fundina og ræða þróunarsamvinnu Íslands bæði út frá stefnu í þróunarsamvinnu og ræða nánar einstök álit- og viðfangsefni.

Nefndin fékk á sinn fund, um fjarfundabúnað, Cyprien Fabrè, frá þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC), sem sagði frá störfum í brothættum ríkjum og reynslu annarra ríkja af því.

Fabrè benti meðal annars á að **mörg gjafaríki treysti sér ekki til að starfa í brothættum ríkjum en að þar væri oft mest þörf fyrir aðstoð**. Í umræðum benti hann á að oft væri hægt að bregðast hratt við hröðum breytingum en erfiðara gæti verið að bregðast við hægfara breytingum, svo sem bakslagi í kynjajafnrétti og mannréttindabrotum.

Fulltrúar SOS barnaþorpa og Rauða krossins sögðu frá sínu starfi í brothættum ríkjum með áherslu á vernd starfsfólks og skjólstaðinga. Báðir lögðu áherslu á **mikilvægi yfirgripsmikillar þekkingar á aðstæðum í viðkomandi landi**, sem fæst eingöngu með afar hæfu innlendu starfsfólki.


Davíð Bjarnason frá þróunarsamvinnuskrifstofu sagði frá starfinu í Síerra Leone og valdaránstílauninni í landinu í nóvember, 2023. **Talsverðar öryggisráðstafanir væru gerðar við sendiráð Íslands í Freetown** og við heimili íslensku sendiráðsstarfsmannanna.

Í umræðum kom fram sú skoðun að **þó að dýrara væri að vinna í afskekktum samfélögum í brothættum löndum þá væri það mikilvægt og í samræmi við stefnu Íslands**. Ekki varð vart við neina andstöðu meðal fulltrúa um að Ísland starfaði í brothættum löndum eins og Síerra Leone.

Ein spurning kom fram undir lokin um hvort fjármagn sem hefði verið nýtt til vopnakaupa og útveggun hersjúkrahúss fyrir Úkraínu hefði komið af fjármagni til þróunarsamvinnu. Fulltrúi ráðuneytisins fullvissaði nefndarmenn að svo væri ekki.

Að lokum þakkaði ég fulltrúum kærlega fyrir samstarfið á vettvangi nefndarinnar, sem mun vonandi halda áfram að vaxa og dafna. Og ég þakka þér, Þórdís Kolbrún, sömuleiðis fyrir samstarfið á þessum vettvangi undanfarið ár.

Með bestu kveðju,



Þórir Guðmundsson

fráfarandi formaður Þróunarsamvinnunefndar